

Svar

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn frá Bjarna Jónssyni um fjóra tengivegi.

Samkvæmt tillögu að samgönguáætlun er gert ráð fyrir auknum fjárveitingum til styrkingar og lagningar bundins slitlags á umferðarlítla tengivegi. Með fjárveitingu þeirri sem lögð er til á tímabilunum má að öllum líkendum leggja bundið slitlag á um 400-450 km samtals. Lagt er til að skipting fjárlens fari eftir umferð og lengd tengivega á hverju svæði án bundins slitlags. Heimilt er einnig að nota fjárveitingu þessa til framkvæmda á héraðsvegum sem gegna hlutverki tengivega og eftir atvikum einnig á umferðarlílum stofnvegum.

1. *Hve miklum fjármunum verður varið á næsta ári til viðhalds og uppbyggingar á:*

- a. Innstrandavegi nr. 68,
- b. Hegrancesvegi nr. 764,
- c. Þingeyrarvegi nr. 721,
- d. Álfstaneshreppsvegi nr. 533?

a. Innstrandarvegur (68) er 105 km langur stofnvegur. Um 66 km hans eru lagðir bundnu slitlagi en um 39 km eru með malarslitlagi. Áætluð meðalumferð á þeim hlutum hans sem eru með malarslitlagi er á bilinu 90–130 bílar á dag. Viðhald Innstrandavegar á næsta ári verður rykbinding og heflun. Kostnaður er áætlaður um 3,5–4 millj. kr.

b. Hegrancesvegur (764) er 21 km langur tengivegur. Um 5 km af honum eru lagðir bundnu slitlagi en um 16 km eru með malarslitlagi. Áætluð meðalumferð er á bilinu 60–80 bílar á dag. Viðhald Hegrancesvegar á næsta ári verður rykbinding og heflun. Kostnaður er áætlaður um 0,8 millj. kr.

c. Þingeyrarvegur (721) er 6 km langur héraðsvegur með malarslitlagi. Ekki liggja fyrir tölur um áætlaða umferð á héraðsvegum almennt. Viðhald Þingeyrarvegar á næsta ári verður mörburður, rykbinding og heflun. Kostnaður er áætlaður um 3 millj. kr.

d. Álfstaneshreppsvegur (533) er 31 km langur tengivegur með malarslitlagi. Áætluð meðalumferð er á bilinu 20–80 bílar á dag. Viðhald Álfstaneshreppsvegar á næsta ári verður mörburður, styrking, rásagerð, brot, rykbinding og heflun. Kostnaður er áætlaður um 10 millj. kr.

Forgangsröðun uppbyggingar tengivega byggist á ráðleggingum frá svæðisstjórnum Vega-gerðarinnar á hverju landsvæði fyrir sig. Byggist hún m.a. á umferðarþunga, slysatölum og því hvort leiðir sinni skólaakstri og/eða almenningssamgöngum.

2. *Telur ráðherra þá fjármuni nægja til fullnægjandi endurbóta á framangreindum vegum eða hyggst hann beita sér fyrir því að viðbótarfjármagn verði veitt til uppbyggingar þeirra og ef svo er, hve mikil og hvenær?*

Fé til viðhalds vega hefur verið stóraukið, en það eykst um 2 milljarða kr. á milli ára og verður 10,5 milljarðar kr. árið 2019. Árið 2016 var viðhaldsfé um 5,5 milljarðar kr. Prátt fyrir þessa miklu aukningu á fé til viðhalds vega, sem er forgangsraðað eftir umferðarþunga, tekur nokkurn tíma að vinna niður uppsafnaðan viðhaldshalla, sérstaklega þar sem endurbóta á

veglínu er þörf. Það á m.a. við um þessa vegi. Vegagerðin hefur metið það sem svo að auka þurfi viðhaldsfé til malarvega um 30–50% svo hægt verði að þjónusta þá og viðhalda samkvæmt þörf. Með viðhald og endurbætur fer samkvæmt þingsályktun um samgönguáætlun sem lögð er fyrir Alþingi.

3. *Liggur fyrir tímasett áætlun um hvenær bundið slitlag verður lagt á vegina og þeim framkvæmdum lokið?*

Samkvæmt tillögu að samgönguáætlun fyrir árin 2020–2034 er áætlað að setja 300 m.kr. í Innstrandarveg á milli Heydalsár og Þorpa á árunum 2025–2029. Þar stendur til að setja bundið slitlag á 5 km kafla vegarins.

Tengivegaáætlun liggur fyrir hjá Vegagerðinni til næstu fimm ára og í henni er gert ráð fyrir að setja um 250 millj. kr. í Álftaneshreppsveg á árunum 2021–2023. Þar er gert ráð fyrir að leggja bundið slitlag á um 12 km af veginum.